

Innra mat Laugalandsskóla –

Viðhorf foreldra til þess hvernig komið er til móts við námsþarfir nemenda

Inngangur

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum einkum þríþætt: „Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá[r]. Í öðru lagi að auka gæði skólustarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólustarfið, árangur þess og þróun“ (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti, s. 26-27).

Mat á skólustarfi í grunnskóla er tvenns konar: Annars vegar er svokallað ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila. Hins vegar er mat sem skólar annast sjálfir og hefur verið kallað innra mat eða sjálfsmat.

Innra mat á árangri og gæðum skólustarfs í hverjum skóla þarf að vera kerfisbundið. Hægt er að fara ýmsar leiðir við mat skóla á eigin starfi en mikilvægt er að kerfið sem unnið er með henti viðkomandi skóla. Hver skóli þróar eigin aðferðir með hliðsjón af sérstöðu skólans og þeim áherslum og markmiðum sem sett eru fram í skólanámskrá. Þær aðferðir sem notaðar eru við matið ráðast síðan af þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Á vefsvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru tilgreind viðmið sem ráðuneytið telur rétt að horfa til við innra mat eða sjálfsmat grunnskóla:

Slíkt mat skal vera *altækt* (þ.e. ná til allra þátta skólustarfsins); *formlegt* (þ.e. lýsing á aðferðum þarf að liggja fyrir í skriflegum gögnum frá skólanum); *áreiðanlegt* (þ.e. byggt á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum); *samstarfsmiðað* (þ.e. allir sem starfa við skólann þurfa að koma að matinu); *umbótamiðað* (áætlanir um umbætur byggðar á matinu þurfa að koma fram); *stofnana- og einstaklingsmiðað* (þ.e. taka bæði til skólans í heild og til þeirra sem þar vinna); *lýsandi* (þ.e. lýsa þarf starfsemi skólans í matsskýrslu); *greinandi* (þ.e. greina þarf styrkleika og veikleika í einstökum þáttum skólustarfsins); og *opinbert* (þ.e. matsskýrslu þarf að birta opinberlega).

(<http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttektir/grunnskolar/nr/6226>)

Þessi viðmið eru jafnan höfð til hliðsjónar við innra mat á árangri og gæðum skólustarfs í Laugalandsskóla. Mismunandi aðferðir eru notaðar við matið. Spurningalistakannanir eru notaðar þar sem það á við s.s. við mat á líðan nemenda og starfsfólks sem er framkvæmt á hverju ári. Skólaárið 2011-2012 var upplýsingamiðlun frá skólanum og samstarf heimila og skóla metið með viðhorfskönnun sem lögð var fyrir fulltrúa í skólaráði, fræðsluráði og foreldrafélagi skólans annars vegar og foreldra/forráðamenn nemenda við skólann hins vegar. Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að jafnvel þótt ýmislegt væri vel gert í þessu tilliti

mátti eitt og annað betur fara og var m.a. ráðist í breytingar á heimasíðu skólans í kjölfarið. Skólaárið þar á undan var innra matið einnig í formi spurningalistakönnunar. Lagður var spurningalisti fyrir nemendur og foreldra/forráðamenn um kennsluhætti og gæði kennslu við skólann. Þetta skólaár var ákveðið að gera sambærilega viðhorfskönnun og spyrja foreldra/forráðamenn hvernig þeim finnst skólinn koma til móts við námsþarfir nemenda – almennt séð og í einstökum fögum. Auk þess var spurt um viðhorf foreldra/forráðamanna til styttingar skólaársins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Rangárþings ytra eins og gert var í síðustu könnun.

Spurningalistakannanir verða að vera leynilegar og mikilvægt er að sem flestir svari könnuninni. Jafnframt er æskilegt að svarendur geri athugasemdir ef þeim þykir ástæða til og finni að eða láti í ljós ánægju sína eftir atvikum – því að betur sjá augu en auga. Skólinn bregst að sjálfsögðu við skynsamlegum ábendingum og réttmætum athugasemdum/aðfinnslum með viðeigandi úrbótum. Það er líka notalegt að fá klapp á bakið og jákvæð ummæli gefa vísbendingar um að vel sé að verki staðið og rétt að halda áfram á þeirri braut.

Áherslan á einstaklingsbundið nám gerir þá kröfu til skólans að reynt sé að koma til móts við námsþarfir hvers og eins og þá ekki síst þeirra sem eiga við einhvers konar námsörðugleika að stríða eða þurfa sérstaka aðstoð af öðrum ástæðum/orsökum. Í stað þess að spyrja foreldra/forráðamenn þessara nemenda sérstaklega var afráðið að leggja sömu könnun fyrir alla foreldra/forráðamenn til að sjá hvernig þeir skynja/upplifa viðleitni skólans til að skapa nemendum þroskavænleg skilyrði til náms í leik og starfi á vettvangi skólans.

Sú nýbreytni var á framkvæmd þessarar könnunar að hún var lögð fyrir á foreldradegi þann 14. febrúar síðastliðinn í stað þess að senda spurningalista heim til foreldra/forráðamanna í pósti eins og venja er til. Þetta fyrirkomulag er bæði ódýrara og skilvirkara og heimtur voru mjög góðar eða tæplega 95 prósent (68 af 72). Spurningalistunum var safnað í innsiglaðan „kjörkassa“ sem var opnaður og tæmdur þegar úrvinnsla könnunarinnar hófst. Gögnin voru síðan slegin inn í reikniforritið SPSS sem býður upp á margvíslega möguleika á útreikningum og framsetningu á niðurstöðum.


Sumar spurningarnar voru í nokkrum liðum en aðrar voru með einum svarmöguleika. Við skulum nú kíkja á helstu niðurstöður könnunarinnar með hliðsjón af einstökum spurningum. Þar sem myndræn framsetning niðurstaðanna er skýr og talar sínu máli verður fyrst og fremst vikið að þeim athugasemdum sem gerðar voru í tengslum við spurningarnar.

Niðurstöður

Skólaárið 2012-2013 voru nemendur skólans 72 talsins. Í fyrstu spurningu var spurt í hvaða bekkjardeild viðkomandi foreldri ætti barn. Þetta var gert til þess að auðvelda greiningu á niðurstöðum þar sem til dæmis er eðlilegt að foreldri barns sem ekki er komið í 8. bekk geti ekki tjáð sig um valgreinar.

Önnur spurning var almenn en þar var spurt út í viðhorf foreldra til skólans. Eins og sjá má á mynd 1 eru 97% foreldra/forráðamanna með jákvætt viðhorf til skólans og er það mjög ánægjuleg niðurstaða. Einungis 3% svara þessu „bæði og“.

2. Er viðhorf þitt til skólans jákvætt eða neikvætt?




Mynd 1

Þegar athugasemdir varðandi þessa spurningu eru skoðaðar koma eftirfarandi atriði fram: „Ánægð með skólann“, „Gott viðmót og góð kennsla“, „Góð samvinna skóla og heimilis“, „Held að einelti sé ekki vandamál (lítill skóli)“, „Börnunum líður vel“. Samkvæmt þessu getur skólinn verið afar stoltur yfir því að 97% foreldra hafi jákvætt viðhorf til skólans.

Þriðja spurning var einnig almenns eðlis en þar voru foreldrar/forráðamenn spurðir hvernig skólinn kæmi almennt til móts við námsþarfir barns þeirra. Þar eru niðurstöður einnig mjög ánægjulegar þar sem 85% foreldra/forráðamanna telja að skólinn komi almennt mjög vel til móts við námsþarfir barns þeirra og 15% segja frekar vel (mynd 2).


3. Hvernig kemur skólinn almennt til móts við námsþarfir barnsins þíns?



Þegar athugasemdir varðandi þessa spurningu eru skoðaðar koma eftirfarandi atriði fram: „Góðir kennarar“, „Góður stuðningur“, „Vegna sérþarfa er 100% tekið á þessum málum“, „Hefur þurft stuðning sem hefur tekist mjög vel að sinna“. Þetta er frábær niðurstaða sem gott er að fá vitneskju um í skólastarfið.


Í spurningum 4 til 18 eru foreldrar/forráðamenn spurðir hversu vel þeir telji að skólinn komi til móts við námsþarfir barns þeirra í hverju námsfagi fyrir sig. Hér verður ekki farið nákvæmlega yfir hvert fag heldur einungis teknar saman heildarniðurstöður. Kökurnar koma hér fram og sýna þær heilt yfir mjög góðar niðurstöður. En hafa ber í huga að sumar greinar eru ekki kenndar í öllum bekkjum eins og til dæmis valgreinarnar og tungumál. Í sumum tilfellum svöruðu foreldrar/forráðamenn „Hvorki vel né illa“ þegar svo bar undir.

4. Hvernig finnst þér komið til móts við námsþarfir barnsins í ...




Þegar athugasemdir varðandi þessa spurningu eru skoðaðar koma eftirfarandi atriði fram: „Góður kennari“, „Góð kennsla“. Einn sem svaraði hvorki vel né illa nefndi að sitt barn þyrfti meiri stafsetningu.

5. Hvernig finnst þér komið til móts við námsþarfir barnsins í ...




Þegar athugasemdir varðandi þessa spurningu eru skoðaðar koma eftirfarandi atriði fram: „Góður kennari“, „Góður stuðningur“, „Mjög gaman af heimanámi í stærðfræði“. Einn sem svaraði hvorki vel né illa nefndi að hann myndi vilja að kennt væri nýrra efni.

6. Hvernig finnst þér komið til móts við námsþarfir barnsins í ...



Athygli vekur að 28% svarenda telja að skólinn komi frekar vel til móts við námsþarfir nemenda í ensku og er það hærra hlutfall en í öðrum fögum. Ekkert kemur fram í athugasemdum varðandi þessa spurningu sem skýrir eða getur skýrt hvers vegna það er. Þar segir einungis: „Góður kennari“, „Skemmtileg kennsla“. Tveir sem svöruðu hvorki vel né illa nefndu að þeirra barn væri ekki byrjað í ensku og einn sem svaraði frekar vel sagði að ekki hefði reynt mikið á það þar sem barnið væri svo ungt (í aldurshópnum 1. og 2. bekkur).


7. Hvernig finnst þér komið til móts við námsþarfir barnsins í ...



Þegar athugasemdir varðandi þessa spurningu eru skoðaðar koma eftirfarandi atriði fram: „Góður kennari“, „Rosalega jákvæð kennsla – nær vel til krakkanna“, „Frábært“. Tveir sem svöruðu hvorki vel né illa nefndu að þeirra barn væri ekki byrjað í dönsku.

8. Hvernig finnst þér komið til móts við námsþarfir barnsins í ...


...íþróttum og sundi?



Þegar athugasemdir varðandi þessa spurningu eru skoðaðar koma eftirfarandi atriði fram þegar svarað var frekar vel: „Barni þykir íþróttir erfiðar“, „Veit ekki nóg um hvað fer þar fram“, „Skilur misvel fyrirskipanir“, „Má hafa meiri íþróttir = fleiri tíma“. Einn af þeim sem svaraði hvorki vel né illa sagði ástæðuna vera samskiptaörðugleikar.

9. Hvernig finnst þér komið til móts við námsþarfir barnsins í ...


...samfélagsfræði?



Þegar athugasemdir varðandi þessa spurningu eru skoðaðar kom aðeins eitt atriði fram: „Góð kennsla“.

10. Hvernig finnst þér komið til móts við námsþarfir barnsins í ...


...textílfmennt?



Þegar athugasemdir varðandi þessa spurningu eru skoðaðar koma eftirfarandi atriði fram: „Til fyrirmyndar“. Einn sem svarar hvorki vel né illa segir að þetta eigi ekki við (barnið hafi ekki verið í textílfmennt í vetur).


11. Hvernig finnst þér komið til móts við námsþarfir barnsins í ...

...náttúrufræði?




Hlutfall svarenda sem segir að skólinn komi frekar vel til móts við námsþarfir nemenda í náttúrufræði er 23% og er næsthæst á eftir ensku. Ekkert í athugasemdum varðandi þessa spurningu skýrir hvers vegna svo er en þar koma eftirfarandi atriði fram: „Mikill áhugi“, og einn sem svarar frekar illa útskýrir svar sitt með því að segja að það vanti skýringar.

12. Hvernig finnst þér komið til móts við námsþarfir barnsins í ...




Þegar athugasemdir við þessa spurningu eru skoðaðar koma eftirfarandi atriði fram: „Mikill áhugi“. Einn sem svarar frekar vel segir að „maturinn mætti vera hollari“ og einn sem svarar hvorki vel né illa segir að það eigi ekki við (barnið hafi ekki verið í heimilisfræði í vetur).

13. Hvernig finnst þér komið til móts við námsþarfir barnsins í ...




Þegar athugasemdir varðandi þessa spurningu eru skoðaðar kom aðeins eitt atriði fram: „Frábært starf“.

14. Hvernig finnst þér komið til móts við námsþarfir barnsins í ...




Engar athugasemdir komu fram í þessum lið en þetta sýnir afgerandi ánægju með upplýsingamenntina hér í skólanum.

15. Hvernig finnst þér komið til móts við námsþarfir barnsins í ...




Þegar athugasemdir varðandi þessa spurningu eru skoðaðar kom aðeins eitt atriði fram: „Frábær kennsla“.

16. Hvernig finnst þér komið til móts við námsþarfir barnsins í ...



Þegar athugasemdir varðandi þessa spurningu eru skoðaðar koma eftirfarandi atriði fram: „Frjó kennsluaðferð“. Einn sem svaraði frekar illa taldi að það vantaði meira framboð á tímum.


17. Hvernig finnst þér komið til móts við námsþarfir barnsins í ...



Þegar athugasemdir varðandi þessa spurningu eru skoðaðar koma eftirfarandi atriði fram: Þeir sem svöruðu hvorki vel né illa sögðu í einu tilfelli að nemandinn væri ekki byrjaður í trúarbragðafræði og annar sagði að þetta ætti ekki við þar sem sitt barn væri ekki í trúarbragðafræði í vetur.

18. Hvernig finnst þér komið til móts við námsþarfir barnsins í ...


...lífsleikni?



Þegar athugasemdir varðandi þessa spurningu eru skoðaðar koma eftirfarandi atriði fram: „Skemmtilegt“. Einn sem sagði hvorki vel né illa sagði ástæðuna vera þá að barnið væri ekki byrjað í lífsleikni.


19. Hvernig finnst þér komið til móts við námsþarfir barnsins í ...

...valgreinum?




Nokkrar athugasemdir komu fram varðandi þessa spurningu sem við skulum skoða nánar: Tveir sem svöruðu hvorki vel né illa sögðu ástæðuna vera þá að barnið þeirra væri ekki byrjað í valgreinum. Einn sem svaraði frekar vel taldi að það vantaði meiri myndmennt og ef til vill þýskuval. Einn sem svaraði frekar illa taldi að það vantaði meiri tungumál í valið. Annars komu fram viðbrögð eins og „Mikill áhugi“ og „Hlustað á þarfir og langanir barnsins“.

20. Hvernig finnst þér komið til móts við þarfir barnsins þíns fyrir félagslíf á vegum skólans?



Hér er mjög ánægjuleg niðurstaða komin fram varðandi félagslífið. Þær útskýringar sem komu með jákvæðum svörum við þessari spurningu eru: „Samheldinn hópur“, „Unnið vel með liðsheildina“, „Passlega mikið boðið upp á“, „Garpur kemur sterkur inn“. Einn sem svaraði frekar vel sagði ástæðuna fyrir svári sínu vera þá að barnið sitt tæki lítinn þátt í félagslífi skólans. Einn sem svaraði hvorki vel né illa taldi óþarflega mikið um skemmtanir á vegum skólans og annar sagði að það væri kannski fullmikið um að vera í félagslífi skólans.

21. Hver er afstaða þín til styttingar skólaársins í Laugalandsskóla, þar sem skólaárið var stytt en viðvera í hverri viku lengd sem því nam?



Mjög ánægð/ur = 38

Rökstuðningur:

Meira frí fyrir sumarið.

Ánægður með skólatímann eins og hefur verið síðustu 2 vetur.

Mjög ánægð með síðustu tvo vetur.

Er ávísun á námsárangur.

Hentar sérlega vel hér í sveitinni og auðvitað fyrir hnattræna staðsetningu Íslands. ☺

Þau hafa nóg að gera heima sem kemur ekki verr út en þemadagar.

Barnið kemur úthvílt í skólann.

Kemur sér mjög vel.

Börnin hafa meiri viðveru í búskap eða vinnu.

Ánægð/ur = 9

Enginn rökstuðningur.

Hlutlaus = 9

Rökstuðningur:

Töluvert bras fyrir fólk sem vinnur utan heimilis.

Erum óánægð með hvernig sparnaðinum af aðgerðinni er varið. Hefðum viljað að það fé færi í verkefni/atvinnu á staðnum eða aukna þjónustu við börnin t.d skólabúðir á Reykjum, vettvangsferðir o.fl.

Er í góðu lagi, breytir ekki miklu.

Frekar óánægð/ur = 7

Rökstuðningur:

Varð vör við meiri þreytu í upphafi. Hefur vanist. Þyrfti að vera eitthvað í boði sérstaklega fyrir yngri nemendur t.d leikjanámskeið.

Of lítill munur miðað við skóla höfuðborgarsvæðisins sem jafnframt fá viku frí úr skóla sitt hvoru megin við áramót þ.e.a.s. vetrarfrí.

Mjög óánægð/ur = 7

Rökstuðningur:

Lítill sparnaður á kostnað þeirra lægst launuðu við skólann. Ekki í takt við sumarfrí foreldra.

Ástæðulaust að lengja vinnudag barnanna.

Ef til vill betra fyrir börnin að vera í skóla en „ein“ heima hjá sér. Erfitt fyrir foreldra ungra barna sem vinna frá heimilinu.

Viðvera er næg.

Dreifbýli = þéttbýli.

Foreldrar/forráðamenn virðast almennt vera ánægðir með skólann og það starf sem þar er unnið. Það er ánægjulegt að lesa þær athugasemdir sem fólk vildi koma á framfæri í lok könnunarinnar en þær eru yfirleitt mjög jákvæðar í garð skólans eins og sjá má hér að neðan:

„Til hamingju með verðlaunin, þið eigið þau svo sannarlega skilið. Einstaklingsmiðað nám er staðreynd hér.“

„Mjög jákvætt og gott viðmót skóla. Mjög góð sérkennsla. Tekið á öllu sem upp kemur með faglegu og góðu viðmóti.“

„Laugalandsskóli er alveg yndislegur skóli algjörlega sniðinn að þörfum hvers og eins barns. Starfsfólkið er frábært.“

„Mjög góður skóli.“

„Upplýsingar um námsframvindu barnanna mættu vera betri.“

„Frábær skóli.“

„Kostur skólans er fámennið og nemendurnir, sveitakrakkar allt öðruvísi en borgarbörn.“

„Til hamingju með sunnslensku menntaverðlaunin!“

„Mjög mikil ánægja almennt. Góður skóli.“

Umbætur

Samkvæmt niðurstöðum þessarar könnunar er ljóst að almennt eru foreldrar/forráðamenn ánægðir með hvernig komið er til móts við námsþarfir nemenda í Laugalandsskóla en að sjálfsögðu má alltaf gera betur og kostað verður kapps um það.

Undanfarin ár hefur jafnan verið boðið upp á tungumál sem valgrein og nokkrum sinnum hefur þátttaka verið nægilega mikil til þess að greinin hafi verið kennd. Þetta á bæði við um þýsku og spænsku. Líkur eru til þess að þýska verði kennd næsta haust en það er ekki alveg frágengið. Til að koma til móts við óskir um meira námsframboð í myndmennt hefur Björg K. Björgvinsdóttir sett saman áhugaverða valgrein sem hún kallar Listir. Í boði er fjölbreytt efni sem ætti að höfða til þeirra sem hafa áhuga á hvers kyns listmennt. Margir nemendur völdu þessa valgrein og því ljóst að hún verður kennd á næsta skólaári.

Haldið verður áfram á sömu braut varðandi upplýsingamiðlun frá skólanum og stefnt að því að gera enn betur á komandi skólaári. Rétt er að geta þess að foreldrar hafa lítið nýtt sér fasta viðtalstíma kennara. Þessir tímar eru hugsaðir sem mikilvægur liður í „samskiptum heimila og skóla“ og foreldrar því hvattir til að nýta þá sem best sjái þeir ástæðu til að setja sig í samband við umsjónarkennara og/eða aðra kennara til þess að ræða nám barns/barna síns/sinna.

Lokaorð

Eins og fram kemur í inngangi skýrslunnar gerir áherslan á einstaklingsbundið nám þá kröfu til skólans að komið sé til móts við námsþarfir hvers og eins. Þetta á jafnt við um bráðgera nemendur sem þurfa að fá sérstök viðfangsefni við hæfi – eða er beint í einstaka áfanga á framhaldsskólastigi – og þá sem þurfa aðstoð vegna námsörðugleika og/eða af öðrum ástæðum/orsökum. Hér eftir sem hingað til verður sérkennslu og stuðningi við nemendur sem á þurfa að halda sinnt af kostgæfni eins og fjárhagur skólans leyfir.